

Nr. 12.  
9.  
ágúst.

## Lög

um

viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

**Vjer Christian hinn Niundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Niðurlögnun sú eptir efnum og ástæðum, er ræðir um í 1. gr. í lögum 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, nær til allra þeirra manna, er hafa fast aðsetur í hreppnum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja gjald á ábúð á jörðu eða jarðarhluta og á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði at gjaldárinu, þótt eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

Lög þessi ná eigi til ákvæða 2. gr. í lögum 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefð á Amaliuborg, 9. ágúst 1889.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

**Lov**

indeholdende

Nr. 12.  
9de  
August.

Tillæg til Lov af 9de Januar 1880 om Forandring i Forordning af 4de Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Raade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Under den i § 1 i Lov af 9de Januar 1880 om Forandring i Forordning af 4de Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse omhandlede Ligning paa Formue og Lejlighed inddrages Enhver, som har fast Ophold i Kommunen. Han ansættes der til fuldt Bidrag efter sin hele økonomiske Stilling, med mindre han i Skatteaaret tillige har fast Ophold andetsteds, i hvilket Tilfælde han ifkun maa sættes i Skat for den Tid, han har Ophold i Kommunen. Fast Ophold af kortere Varighed end 4 Maaneder kommer ikke i Betragtning. Ligeledes kan Brugen af en Jord eller Jordparcel saavel som Handelsetablissementer og andre indbringende Indretninger og Foretagender i Kommunen, som drives mindst 4 Maaneder af Skatteaaret, bestattes, skjøndt de paagældende Ejere ikke have fast Ophold dersteds. Paa disse Skatteobjekter lignedes en Afgift, der svarer til Formue- og Lejlighedsfattens, efter et passende Forhold til den aarlige Omsetning og Udbytte, uden at der tages Hensyn til den Paagældendes andre Indtægter eller Gjendomme.

Bestemmelserne i Lov vedrørende Baadstjeriet i Fjorde af 19de Juni 1888 § 2 ere uberørte af denne Lov.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. August 1889.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*